

Alþingi
Erindi nr. P 131/1509
komudagur 22.4.2005



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

22.4.2005

Efni: Viðbótar umsögn og breytingartillaga við frumvarp til laga um breytingu á lögum um fólks-, vöru- og efnisflutninga á landi nr. 73/2001, 698. mál, farmflutningar.

Vísað er til fyrri umsagnar Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins frá 19.4. 2004 við frumvarp til laga um breytingu á lögum um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, með síðari breytingum.

Eins fram kom á fundi með samgöngunefnd Alþingis í dag telja samtökin brýna þörf á gera eftirfarandi breytingu á texta 2. gr. frumvarpsins til að taka af allan vafa um það að **allir olíuflutningar**, sem eru mjög sérhæfðir og sérstakir flutningar falli utan við gildissvið laganna. Breytingartillagan felst í því að bæta orðinu olíuflutningabifreiðum inn í frumvarpið.

J. liður 2. gr. laganna myndi því hljóða svo:

c. J-liður orðast svo: *Farmflutningar í eigin þágu:*

Flutningur farms þegar ekki er innheimt sérstakt gjald fyrir flutninginn. Sem dæmi má nefna flutning iðnfyrirtækis á eigin hráefni og/eða aðföngum með merktum bifreiðum, svo sem flutning á gosdrykkjum og flutning með mjólkurbifreiðum og **olíuflutningabifreiðum**. Einnig flutningur verktaka sem starfa við annars konar verktöku en flutningsþjónustu þótt flutningurinn sé hluti af verki, svo sem verktaka ~~við byggingar~~.

Einnig er eðlilegt að fella út orðin ~~við byggingar~~, enda er ljóst að margir aðrir verktakar heldur en byggingarverktakar geta fallið utan við gildissvið laganna.

Samtök atvinnulífsins mæla að öðru leyti með lögfestingu frumvarpsins en vísa áfram til athugasemda SAF vegna munaðar- eða lúxusleifubifreiða. Samtökin óttast ekki að eftirlit með lögnum verði minna heldur en með öðrum lögum þar sem opinberra leyfa er krafist.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Jón. R. Pálsson